

## GJALDSKRÁ

**fyrir tengi-, þjónustu- og eftirlitsgjöld og gjöld  
vegna útgáfu framkvæmdaleyfis í Eyjafjarðarsveit.**

### 1. gr.

*Tengigjöld vatnsveitu, hitaveitu og fráveitu.*

Við úthlutun lóða í Reykárhverfi eða lagningu í hús á einkalóðum skal greiða tengigjöld til Eyjafjarðarsveitar fyrir tengingu neysluvatns, hitaveitu og fráveitu eftir því sem við á eins og hér segir:

<b>Tegund þjónustu</b>	<b>Verð án vsk. kr.</b>
Neysluvatn (að 32 mm)	120.000
Hitaveita	210.000
Grindargjald hitaveitu	31.000
Fráveita	80.000

### 2. gr.

*Þjónustugjöld vegna skipulags á vegum einkaaðila.*

Greiða skal sérstaklega fyrir þá þjónustu sem sveitarstjórn eða byggingarfulltrúi veitir umfram þá þjónustu sem innifalin er í byggingarleyfisgjaldi sbr. eftirfarandi:

	<b>Tegund þjónustu</b>	<b>Verð kr.</b>
1.	Fyrir samþykkt deiliskipulags á vegum einkaaðila:	
	- Stök íbúðar- eða frístundahús	18.791
	- Íbúðar- eða frístundabyggð, 2-5 hús	28.187
	- Íbúðar- eða frístundabyggð, 6 hús eða fleiri	42.280
2.	Fyrir minniháttar grenndarkynningu	18.791
3.	Fyrir meiriháttar grenndarkynningu	28.187
4.	Fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	18.791
5.	Fyrir aukaútsetningu lóðar/húss; pr. mælingu	28.187
6.	Fyrir breytingu á deiliskipulagi án aðalskipulagsbreytingar	18.791
7.	Fyrir breytingu á aðalskipulagi	42.280

Fyrir samþykkt deiliskipulag sbr. 1. tl., breytingu á deili- eða aðalskipulagi vegna framkvæmda einkaaðila sbr. 6. og 7. tl. greiðir viðkomandi að auki allan kostnað við hönnun og aðra sérfræðivinnu sem nauðsynleg er. Sveitarfélagið greiðir auglýsingakostnaði.

Óheimilt er að auglýsa deiliskipulag eða breytingu á deili- eða aðalskipulagi fyrir en gjald hefur verið greitt í samræmi við gjaldskrá þessa. Gjald fyrir grenndarkynningu sbr. 2. og 3. tl. skal greitt áður en kynningin fer fram. Gjald fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs sbr. 4. tl. og fyrir aukaútsetningu lóðar/húss sbr. 5. tl. greiðist samkvæmt reikningi þess sem þau verk vinna.

Upphæðir samkvæmt tl. 1 og 2 reiknast sem grunnjald og miðast við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún verður ákveðin fyrir júlí 2007. Upphæðir taka síðan breytingum mánaðarlega í samræmi við breytingu á fyrrnefndri vísitölu milli mánaða; í fyrsta skipti 1. ágúst 2007.

## 3. gr.

*Gjald fyrir eftirlit með framkvæmdum einkaaðila.*

Þegar einkaaðili annast sjálfur gatnagerð á skipulögðum íbúðarsvæðum ásamt tilheyrandi lögnum og frágangi ræður sveitarstjórn óháðan eftirlitsaðila til að fylgjast með því að framkvæmdir þessar séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Einnig að þær séu unnar samkvæmt þeim gögnum sem landeiganda eða framkvæmdaaðila ber að standa skil á sbr. ákvæði í kafla 7.2 í greinargerð I með aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025. Í framkvæmdaleyfi vegna slíkra framkvæmda skal nánar kveðið á um fyrirkomulag eftirlitsins, rétt eftirlitsaðila til að gera athugasemdir við framkvæmdir og verklag eða stöðva framkvæmdir ef hann telur þær ekki standast þær kröfur sem gera þarf. Jafnframt skal við útgáfu framkvæmdaleyfis gera samning um greiðslur landeiganda eða framkvæmdaaðila fyrir eftirlitið. Heimilt er annars vegar að innheimta eftirlitsgjaldið á grundvelli framlagðra reikninga eftirlitsaðilans eða hins vegar að semja um fyrirframákveðna fjárhæð skv. tilboði frá eftirlitsaðilanum.

## 4. gr.

*Útgáfa framkvæmdaleyfis.*

Útgáfa framkvæmdaleyfis er háð ákvæðum í 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 sbr. einnig 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998. Allar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásynd þess, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum, þar sem það á við. Óheimilt er að hefja slíkar framkvæmdir, sem ekki eru háðar byggingarleyfi skv. IV. kafla skipulags- og byggingarlaga, fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Undir það ákvæði falla framkvæmdir við gatnagerð og holræsi og aðrar lagnir sem unnar eru á vegum einkaaðila.

Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif geta haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti er háð leyfi Landbúnaðarstofnunar sbr. 1. mgr. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Með umsókn framkvæmdaaðila eða landeiganda til Landbúnaðarstofnunar um leyfi til framkvæmdar við ár og vötn, þar með talin efnistaka, skal fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi Landbúnaðarstofnunar skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd. Landbúnaðarstofnun getur við sérstakar aðstæður krafist þess að framkvæmdaaðili láti gera líffræðilega úttekt á veiðivatni áður en leyfi til framkvæmda er veitt. Kostnaður vegna nauðsynlegra líffræðilegra úttekta skal greiddur af þeim sem óskar eftir leyfi til framkvæmda.

Umsókn um framkvæmdaleyfi skal fylgja uppdráttur í þremur eintökum sem sýnir framkvæmd og afstöðu hennar í landi, nánar tiltekið yfirlitsuppdráttur í mælikvarða 1:50.000 – 1:5.000 þar sem fram koma mörk viðkomandi svæðis, tenging þess við þjóðveg, hæðarlínur og mannvirki á svæðinu. Þegar það á við skal einnig leggja fram afstöðuuppdrátt í mælikvarða 1:2.000 – 1:1.000 þar sem fram koma mörk viðkomandi svæðis, hæðarlínur, mannvirki sem fyrir eru á svæðinu og upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir eftir því sem við getur átt.

Gefa má út framkvæmdaleyfi þegar sveitarstjórn hefur staðfest samþykki skipulagsnefndar um veitingu framkvæmdaleyfis og framkvæmdaleyfisgjöld hafa verið greidd eða samið um greiðslu þeirra.

Gjald fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skal vera kr. 18.791. Gjaldið reiknast sem grunngjald og miðast við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir júlí 2007. Upphæðir taka síðan breyt-

ingum mánaðarlega í samræmi við breytingu á fyrrnefndri vísitölu milli mánaða; í fyrsta skipti 1. ágúst 2007.

5. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, var samþykkt á fundi sveitarstjórnar hinn 22. maí 2007 og öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

*Syðra-Laugalandi, 15. ágúst 2007.*

**Bjarni Kristjánsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. ágúst 2007